

Eigin fræðsla fyrirtækja

Styrkveiting er háð eftirfarandi skilyrðum og byggir á reglum Landsmenntar um eigin fræðslu fyrirtækja:

- a. Lögð sé fram skjalfesting fræðslupjálfunar. Þar á að koma fram heiti námskeiðs, tímalengd og skráðir þátttakendur (nafn, kennitala, stéttafélagsaðild og kvittað af þátttakanda) og undirritað af leiðbeinanda námskeiðsins. Þessi framsetning á upplýsingum er skilyrði fyrir afgreiðslu umsóknar.
- b. Ekki eru styrkt námskeið með færri en 5 þátttakendur sem teljast til félagsmenn aðildarfélags Starfsgreinasambands Íslands (SGS) á landsbyggðinni.
- c. Greiddar eru kr. 7.500 fyrir hverja kennda klukkustund.
- d. Upphæð styrkja er að hámarki kr. 12.000 pr. félagsmann, á ári (m.v. almanaksár).
- e. Ekki er veittur sérstakur styrkur vegna undirbúnings leiðbeinanda eða annarra starfsmanna styrkþega.
- f. Styrkveitandi styrkir námsgögn um kr. 350 fyrir hvern þátttakanda enda fari heildarupphæð styrks ekki yfir upphæð sbr. gr. 2.c. Skila þarf inn afriti af námskeiðsgögnum.
- g. Ekki er styrktur kostnaður vegna leigu á aðstöðu (sal) eða veitinga.
- h. Styrkur er greiddur út eftir að styrkþegi hefur skilað uppgjörsgögnum með umsókn.